

Kaplakriki

105. fundur vinnuhóps/byggingarnefndar um uppbyggingu FH svæðis í Kaplakrika var haldinn mánudaginn 18. mars 2013, kl. 15.01 á skrifstofu Fasteignafélags Hafnarfjarðar að Norðurhelli 2 Hafnarfirði..

Mætt voru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir	MGM	Formaður
Árni Stefán Jónsson	ÁSt.	Stjórn Framkvæmdaráðs
Sigurður Þorvarðason	SP	Stjórn Framkvæmdaráðs
Kristjana Aradóttir	KA	FH
Viðar Halldórsson	VH	FH
Ingvar S. Jónsson	IJ	Íþróttafulltrúi
Erlendur Árni Hjálmarsson	EÁH	Fasteignafélaginu
Sigurður Páll Harðarson	SPH	Umhverfi og framkvæmdir
Birgir Jóhannsson	BJ	FH

Sigurður Þorvarðarson, Kristjana Aradóttir og Sigurður Páll Harðarson boðuðu forföll

1: Fundargerð síðasta fundar þ.e. nr. 104 hefur verið send fundarmönnum engar athugasemdi bárust og telst hún samþykkt.

2: Frjálsíþróttahús- Kaplakrika- Staða framkvæmda.

EÁH fór yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir við útboðsverkið „Lokun húss áfangi 4“

Verkinu er lokið að öðru leyti en því sem getið er hér á eftir.

- Kýttun meðfram glugga. - Miðað við veðurspá ætti að vera hægt að klára það seinnipart þessarar viku.
- Uppsetning iðnaðarhurðar. - Því miður hefur pöntun og afhending dregist og hún kemur væntanlega ekki fyrr en um miðjan apríl. Hún verður sett í um leið og hún kemur.
- Vinnupallar og hreinsun svæðis. - Verið er að taka niður þann hluta vinnupalla sem ekki var á svæðinu þegar verktakinn kom á svæðið. Það sem eftir er af vinnubúðum verður tekið á næstu dögum.

Úttektir á verkinu hefur farið fram í samræmi við framvindu og var þakpappi tekinn út 12. þ.m. Endanleg úttek verkkaupa fer fram að verki loknu.

3: Aðstaða hreyfihamlaðra í stúku.

Umræða varð á ný um aðstöðu fyrir hreyfihamlaða í stúku knattspyrnuvallar. Fyrir liggur hönnun á yfirbyggðu svæði/skýli á þaki félagsaðstöðu. Til að þessi aðstaða sé fullgerð þarf einnig að fullgera svæði frá lyftu að skýlinu. Þá þarf einnig að setja vindbrjót og hurð við lyftu. FH mun fullgera hellulögn og tilheyrandi á því svæði sem þarf til að hægt sé að ljúka við aðstöðu fyrir hreyfihamlaða. Fimleikafélagið mun einnig athuga hvort félagið geti komið meira að þessari framkvæmd. Umhverfi og framkvæmdir athugar hvort hægt sé að fá fjármagn í aðra hluti sem vantar svo aðstaða hreyfihamlaðra verði fullgerð.

4: Framhald framkvæmda.

Formaður Fimleikafélags Hafnarfjarðar greindi frá stöðu mála varðandi viðræður við Hafnarfjarðarbæ um framhald framkvæmda í Kaplakrika. Fimleikafélagið er að víða að sér gögnum m.am frá Fasteignafélaginu og þarf tvær til þrjá vikur til að ljúka því. Fimleikafélagið telur sig geta fengið fjármagn í verkið í heild. Rætt var um ípróttagólf frjálsípróttahússins, form þess og efni. Umræða var um mikilvægi þess að fullgera þakfrágang, í því fellst að setja mól og hellur á þak - lyftingarsalar og tengigangs – fjölnotasalar – félagsaðstöðu. EÁH hefur gert áætlun um kostnað í þessar framkvæmir. FH mun kanna möguleika þess að félagið fullgeri þessa verkliði.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 09.17

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega kl. 08.07 að Norðurhelli 2.

Hafnarfirði 18. mars 2013.

Margrét Gauja Magnúsdóttir

Sigurður Þorvarðarson

Kristjana Aradóttir

Árni Stefán Jónsson

Viðar Haldórsson

Ingvar S. Jónsson

Erlendur Árni Hjálmarsson

Birgir Jóhannsson

FH vinnuhópur.